

## 511. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis • Umsögn

### Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2023–2026. Umsögn frá Háskólasetri Vestfjarða

Bakgrunnur: Háskóla- og Háskólasetur Vestfjarða hefur áralanga reynslu af kennslu í íslensku fyrir skiptinema, sem er lotunám með töluvert hraðri framvindu og metnaðarfullum nemendum. Stuðst var frá byrjun við samevrópska tungumálarammann í öllum námskeiðslýsingum og prófum.

Háskóla- og Háskólasetur Vestfjarða lítur mjög jákvæðum augum á öll atriðin í fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar.

Háskóla- og Háskólasetur Vestfjarða hefur líka hrundið af stað átakið Gefum íslensku séns sem hvetur til notkunar á íslensku, þó ófullkomin væri. Skýringar á því að íslenskan sé ekki alltaf notuð þar sem hægt væri nú þegar eru vissulega margþætt, en ein ástæða er þó að ekki sé gerður skýr greinarmunur á færniþáttum og snýst þessi ábending um það. Hún á sérlega við liði 3, 17 og 18, en eru í raun grundvallaratriði sem gildir fyrir alla liði:

#### **Skerpa á að færniþáttaskiptingin og þrepaskiptingin eru óháð hvorri annarri**

Það er sérlega ánægjulegt að líta skuli til tungumálarammans enda margreynt kerfi. Hér mætti skerpa betur á að tungumálaramminn er ekki bara skýrt þrepaskipt, heldur líka færniskipt. Færniþættirnir fimm eru nefndir í lið 3 "Um 3. aðgerð". Það er hins vegar ekki sérlega tekið fram að það er stefna evrópska tungumálarammans að leyfa nemendum að taka próf í mismunandi færniþáttum á mismunandi stigum. Háskóla- og Háskólasetur Vestfjarða hefur boðið upp á slík próf í sínum íslenskunámskeiðum, en reynslan hefur sýnt að það þarf að hvetja nemendur og kennara til að taka prófin á mismunandi færniþáttum á mismunandi stigum, annars vill það því miður gjarnan gleymast enda hugsunarhátturinn tregur. Bæði kennarar, nemendur og kerfið í heild gengur út frá því að nemandi er á ákveðnu einu færnistigi. Fyrirbyggjandi frumvarp til laga virðist ekki vera undantekning í því. Þó eru flestöll sem læra tungumál alltaf á mismunandi stigum í mismunandi færniþáttum.

Að viðurkenna það og taka skýrt fram mun auðvelda það að ná fram markmiðum sem settar eru í fyrirbyggjandi lagafrumvarpi. Prófabankinn mun reynast vel í því ef hann er rétt uppbyggður.

#### **Hér er lagt til að fært verði klausu í aðgerð 3 þess efnis að hvatt/skylda verði til þess að hægt verði að taka próf í mismunandi færniþáttum á mismunandi stigum.**

Nemandinn, vinnuveitendur og samfélagið eiga rétt á að fá að vita í hvaða færniþáttum viðkomandi nemandi er á hvaða stigi.

Kostir fyrir samfélag og atvinnulífið

Dæmi 1:

Það að standast próf t.d. í lestri eða samskiptum á háu stigi þó t.d. ritfærni sé á töluvert lægra stigi getur verið mikilvægt skref fyrir virka þátttöku í atvinnulífi. Biðin eftir því að hafa náð ákveðið eitt stig í öllum fimm færniþáttum er bæði nemandi/starfsmanni, vinnuveitanda og samfélaginu dýrkeypt. T.d. verður ekki séð að leikskólakennari þurfi að vera með sama háa stig í ritfærni og í samskiptafærni, hlustun og talmáli. Öfugt kann að vera í öðrum störfum. Því mætti t.d. breyta í lið 14 " þrepaskiptri hæfnilýsingu Samevrópska tungumálarammans" í " þrepa- og færniskiptri hæfnilýsingu Samevrópska tungumálarammans".

Dæmi 2:

Liðir 17 og 18 setja almenna notkun íslenskunnar á oddann. Liður 18 snýr að umdæmisvanda. Ástæðan fyrir því að íslenskan er oft ekki notuð kann að vera að einn eða fáir í hópi, t.d. starfsmannahópi, tali ekki íslensku. Þetta starfsfólk skilur þó hugsanlega íslensku, allavega reynist flestum auðveldara að læra að hlusta og lesa en að tala og skrifa. Með því að gera skýran greinarmun á færnipáttum tungumálarammans er hægt að gera snemma kröfur um hlustunarfærni og lesfærni, en töluvert seinna og töluvert afslappaðri kröfur um ritfærni og talfærni. Samskipti innan hópa og starfsheilda gætu með þessu haldist í grunninum á íslensku, þó stakir meðlimir/starfsmenn tjái sig á öðru tungumáli (ensku). Í leiðinni setur það þeim sem læra íslensku raunhæf þrepa- og færniskipt markmið og veitir vinnuveitendum möguleika á að halda góðu starfsfólki þó það hafi náð mislangt í mismunandi færnipáttum.

Kennslan og tilheyrandi próf þyrftu sjálfsagt að taka mið af því en það má treysta því að eftirspurnin mundi stýra þessu.

Peter Weiss  
Forstöðumaður  
weiss@uw.is  
450 3045 • 869 3045